



Fundargerð 26. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom
431. nóvember 2023 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Jóhannsson (HJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Jón Þór Jónsson (JPJ)
Mættir varamenn: Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) og Kolbrún Vignisdóttir (KV).
Fjarverandi: Ari Halldór Hjaltason

TMP ritaði fundargerð.

1. Mál frá Formannafundi

Aðgerðir frá formannafundi:

- Samþykkt að skoða Reglugerð AKÍS um keppnishald og athuga um leið hvort breyta eigi reglum um félagaskipti.
- Rætt um aldursmörk í akstursíþróttum og færslu á skjali yfir í regluumhverfi það sem AKÍS notar. Þar sem ekki öll ráð hafa skilað inn breytingum á aldursmörkum í sínum greinum, var ákveðið að bíða með útgáfu þar til síðar á árinu.
- Verið er að vinna að sniðmáti að samning um fjölmiðlun. Stefnt að það verði tilbúið í byrjun desember 2023 og stjórn mun þá fjalla um það.
- Svar hefur borist frá stjórnarsýsludeild Lögreglustjórans á Höfuðborgarsvæðinu vegna framvísunar ökuskírteina í akstursíþróttum og undanþágu til þeirra sem ekki hafa ökuskírteini. Svárið er svohljóðandi:

Niðurstaðan er sú að heimild 41. gr. umferðarlaga til að víkja frá ákvæðum laganna um ökuskírteini og lágmarksaldur ökumanna við æfingar og keppni á lokuðum svæðum eða afmörkuðum svæðum utan vega gildi um alla sem ekki hafa fengið ökuskírteini. Þ.e. bæði þá sem hafa ekki fengið ökuskírteini vegna aldurs og eins þá sem hafa af öðrum ástæðum ekki tekið ökuþróf og hlotið ökuskírteini. Þeir sem hafa verið sviptir ökurétti njóta hins vegar ekki þessarar undanþágu.

- Boðaður hefur verið fundur með Vésteini Hafsteinssyni, afreksstjóra ÍSÍ, til að ýta úr vör hvernig AKÍS háttar barna og unglingastarfi og þá í framhaldinu afreksstarfi.
- AS og TMP falið að rýna reglur um kjör akstursíþróttafólks ársins og koma með tillögu að breytingum á þeim.

2. Lokahóf

Rætt var um undirbúning og framkvæmd, hvað gekk vel og hvað ekki. Lagt til að skipulagsnefnd vegna lokahófs verði skipuð í janúar 2024.



3. Verðlaunaafhending til mótorhjóra

Samþykkt að veita þeim kepptu á mótorhjólum og vélsleðum í spyrnugreinum þau verðlaun sem þeir, samkvæmt mótakerfi AKÍS, höfðu unnið til.

4. Umsögn um lög um breytingar á vörugjöldum

TMP og JÞJ falið að ganga frá endanlegri útgáfu af umsögn AKÍS vegna máls 468 á 154. löggjafarþingi.

5. Tillaga um formbreytingu tilkynninga vegna brota á reglum í spyrnu

Tölvupóstur barst 3. nóvember 2023 frá keppnisráð í spyrnu þar sem drög hafa verið lögð að breytingu á verklagi við tilkynningu til keppanda/ökumanns um brot á reglum um veltiboga/öryggisbúr. Samþykkt, en spurt í leiðinni hvort hraðamörk eigi einnig við.

6. Önnur mál

Fundi slitið kl. 21:26. Næsti fundur ákveðinn 12. desember 2023 kl. 19.30 á Zoom og á skrifstofu AKÍS.